

**Nr. 065 / 09 Snarfari GK 22****Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7180  
Smíðaður: Hafnarfirði, 1989 plast  
Stærð: 5,4 brl. 4,4 bt.  
Mesta lengd: 8,58 m Skráð lengd: 7,73 m  
Breidd: 2,4 m Dýpt: 0,96 m  
Vél: Volvo Penta 119 kW, 1995  
Fjöldi skipverja: 1



Snarfari ©Eigandi

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sömnargagni í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 24. júní 2009 var Snarfari GK 22 á siglingu SA af Hópsnesi. Veður: Logn

Þegar báturinn var staddur um 2,5 sml. SA af Nesinu fór að sjóða á vélinni og hún stöðvaðist. Bátsverjinn taldi að kælivatnsdæla hefði bilað og óskaði eftir aðstoð Björgunarsveitarinnar Þorbjörns sem sendi bát til að draga Snarfara GK til hafnar í Grindavík.

**Við rannsókn kom fram:**

- að í ljós kom að lega aftan á vélinni við öxulinn aftur í hælinn fór og við það skemmdist inntakið fyrir kælivatnið með þeim afleiðingum að það sauð á vélinni og hún bræddi úr sér;
- að báturinn var búinn að standa í nokkur ár í vanhírðu áður en nýr eigandi kom til. Eigandinn taldi að sjór hefði þá komist í leguna á þessum tíma og þess vegna hefði hún verið orðin léleg.

**Nefndarálit:**

Orsök þess að vélin fór var að lega gaf sig vegna vanhírðu.